

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 257/1994.

Saltkaup hf.

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Samskipum hf.

(Valgarð Briem hrl.)

Farmsamningur. Fyrning. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1994 og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 10.466.683 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 17. desember 1991. Auk þess krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, fór hinn umdeildi farmflutningur fram samkvæmt flutningssamningi, sem áfrýjandi gerði við forvera stefnda 7. desember 1990.

Ekki er leitt í ljós, að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni af atvikum, sem stefndi ber ábyrgð á eftir almennum skaðabótareglum.

Áfrýjandi reisir bótakröfur einnig á ákvæðum 68.-73. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Telur hann, að tjónið, sem mál þetta er risið af, verði rakið til koparmengunar salts í flutningi með skipinu Vakri frá Vestmannaeyjum til Hafnar í Hornafirði. Beri stefndi sem farmflytjandi ábyrgð á menguninni samkvæmt 68. gr. siglingalaga.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi því fram, að bótakrafa sín sé ekki fyrnd, þar sem um sé að ræða endurkröfu, sem lúti reglum 216. gr. siglingalaga. Í því sambandi verður þó að líta til þess, að hér deila farmsamningshafi og farmflytjandi um réttarstöðu sína samkvæmt samningi, sem þeir gerðu með sér, og styður áfrýjandi bótakröfur sínar á hendur stefnda sem farmflytjanda við 68. gr. siglingalaga, eins og fyrr segir. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur 7. tl. 215. gr. siglingalaga beinlínis til þess. Hins vegar fjallar 216. gr. um

„Endurkröfur, er stofnast í tengslum við kröfur samkvæmt . . . 7. tölulið 215. gr. . .“. Verður ekki fallist á, að krafa áfrýjanda sé endurkrafa í skilningi 216. gr. siglingalaga.

Samkvæmt því og að öðru leyti með vísun til röksemda héraðsdómara verður að telja, að kröfur áfrýjanda séu fyrndar samkvæmt 7. tl. 215. gr. siglingalaga. Þarf þá ekki að skera úr um, hvort bóta-skilyrði 68. gr. laganna hafi annars verið fyrir hendi. Ber því að staðfesta héraðsdóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Saltkaup hf., greiði stefnda, Samskipum hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. maí 1992, af Saltkaupum hf., Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, gegn Samskipum hf., Sambandshúsinu, Kirkjusandi, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.466.683 kr. með dráttarvöxtum [...].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Til vara er gerð sú krafa, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og honum gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 7. desember 1990, gerðu Skipadeild Sambandsins og Saltkaup hf. með sér samning, þar sem Skipadeildin tekur að sér að flytja salt frá Spáni til Íslands svo og milli íslenskra hafna. Stefndi, Samskip hf., mun hafa tekið við réttindum og skyldum Skipadeildar Sambandsins, og er ekki ágreiningur um aðild málsins.

Saltið var annars vegar flutt með m/v Thiesa, sem stefndi hafði á leigu. Saltið var losað í Keflavík, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og Grindavík. Þegar skipið var í Keflavík, voru losuð úr því 422 tonn af salti og það fært yfir í annað skip á vegum stefnda, m/s Vakur, sem flutti saltið í tveimur ferðum til Hornafjarðar og landaði saltinu þar 30. mars og 4. apríl 1991. Kaupandi saltsins var Kaupfélag Austur-Skaftfellinga (KASK), sem meðal annars starfrækir saltfisksverkun, og var saltið notað til þeirrar vinnslu. Þar uppgötvaðist svokölluð koparmengun í saltfiskinum, sem gerði það að verkum, að töluvert magn saltfisks skemmdist.

Hins vegar voru 3.300 tonn af salti flutt með m/v Aquila frá Spáni og því landað í Vestmannaeyjum, á Hornafirði, Eskifirði og Norðfirði. Var saltinu landað á Hornafirði 16. eða 22. apríl 1991.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og áður er rakið, krefur stefnandi stefnda um skaðabætur vegna tjóns, er hann telur sig hafa orðið fyrir, er saltfarmur í eigu hans skemmdist í flutningi skips á vegum stefnda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 68. gr. - 73. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en þar er fjallað um ábyrgð farmflytjanda á farmi. Í 1. mgr. 68. gr. laganna segir: „Skemmist farmur eða glatist, meðan hann er í vörslum farmflytjanda á skipi eða í landi, ber honum að bæta tjón, sem af því hlýst, nema ætla meg, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.“

Samkvæmt 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985 fellur skaðabótakrafa skv. 68. gr. laganna niður vegna fyrningar, ef henni er ekki fylgt eftir með lögsókn innan árs, frá því að vöru var skilað eða henni bar að skila.

Samkvæmt fullyrðingum stefnanda í sóknargögnum var fyrri saltfarminum landað 30. mars og 4. apríl 1991, en síðari farminum í síðasta lagi 22. apríl 1991, en þá fullyrðir stefnandi, að koparmengun hafi komið upp, eftir að búið var að landa farminum.

Mál telst höfðað með birtingu stefnu, sbr. 93. gr. laga nr. 91/1991. Stefna í máli þessu var birt 25. maí 1992. Var þá liðið meira en ár, frá því að seinni saltfarmurinn var afhentur, og krafa stefnanda því niður fallin fyrir fyrningu, sbr. 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985. Ber því þegar af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 300.000 kr. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, en stefndi hefur ekki gert grein fyrir því, hvort hann er virðisaukaskatts-skyldur aðili eða ekki.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Saltkaupa hf.
Stefnandi greiði stefnda 300.000 kr. í málskostnað.
